

Aðalfundur
Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2007

23. apríl 2008

Fundurinn var haldinn í Byggingu 946, í Reykjanesbæ, þann 23.apríl 2008 og hófst kl. 11:30. Mættir voru: Kjartan Þór Eiríksson framkvæmdastjóri félagsins, Árni Sigfússon, Magnús Gunnarsson, og Páll Þórhallsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, Sveinn Arason skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar, Ásbjörn Jónsson. Reynir Ólafsson. Sveindís Valdimarsdóttir og Pálmar Guðmundsson.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Staðfesting ársreiknings 2007.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda eða skoðunarmanns.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Önnur mál löglega fram borin.

Fundarstjóri var kjörinn Ásbjörn Jónsson og fundarritari Pálmar Guðmundsson.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Fram er lögð skýrsla stjórnar, dagssett 23. apríl 2008. Var skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2007.

Hagnaður ársins var kr. 131.000.000,- og niðurstaða efnahagsreiknings kr.314.000.000. Engar umræður fóru fram um ársreikninginn og var hann staðfestur.

Sveinn Arason vakti athygli og reifaði minnisblað Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings.

3. Kosning stjórnar.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Páll Sigurjónsson kt. 050831-2219, Gilsárstekk 3, 109 Reykjavík

Reynir Ólafsson kt. 080648-4569, Heiðarbakka 1, 230 Reykjanesbæ

Árni Sigfússon kt. 300756-5309, Kópubraut 34, 260 Reykjanesbæ

Til vara voru kjörnir

Hildur Árnadóttir kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík

Sigurður Valur Ásbjarnarson, kt. 130350-3999, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði

Sveindís Valdimarsdóttir. Kt. 140258-6289, Hólmgarði 2a, 230 Reykjanesbæ.

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykka félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var um að greiða ekki arð en að leggja sem nemur 10% af nafnvirði hlutafjár í varasjóð félagsins og að hagnaður ársins yrði flutt til næsta árs. Það var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2008 að laun formanns verði kr. 300.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 150.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 45.000,- fyrir hvern fund.

Var þessi ákvörðun staðfest fyrir starfsárið 2008.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Félaginu bárust engin málefni til umræðu undir þessum lið.

Magnús Gunnarsson þakkaði meðstjórnendum og framkvæmdarstjóra félagsins fyrir vel unnin störf. Og lýsti í fáeinum orðum framtíðarsýn sinni á landsvæði og verkefnum félagsins. Þá tók til máls Kjartan Eiríksson og þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið á árinu og í sama streng tók Árni Sigfússon. Páll Þórhallsson upplýsti um hugmyndir um framtíð félagsins.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 12:30.

Pálmar Guðmundsson fundarritari. Ásbjörn Jónsson fundarstjóri.